

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs
6. fundur 5. des. 2001

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 5. desember 2001 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1-3, 3. hæð, og hófst kl. 17.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavörðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Fundargerð.
2. Formleg opnun safnsins.
3. Önnur mál.

1. Fundargerð.

Fundargerð 5. fundar var samþykkt óbreytt og undirrituð.

2. Formleg opnun safnsins.

Samþykkt var að formleg opnun safnsins færi fram miðvikudaginn 12. des. kl. 17-19 í húsakynnum þess og samkomusalnum á 3. hæð Hamraborgar 1-3.

Af ýmsum ástæðum hafði opnunin dregist lengur en gert var ráð fyrir í september, en formlegur fundur hafði ekki verið haldinn síðan þá, þótt stjórnarmenn og skjalavörður hefðu haft samband hver við annan í síma.

Rætt var um fyrirkomulag og undirbúning samkomunnar, gestalista, veitingar o. fl., en gert er ráð fyrir að dagskráin verði í stórum dráttum þannig að formaður stjórnar ávarpi gesti, bæjarstjóri lýsi safnið opnað og bæjarbókavörður afhendi tiltekin gögn, en síðan kynni héraðsskjalavörður gestum safnið og nokkur skjöl úr fórum þess sem látin verða liggja frammi til sýnis í tilefni dagsins.

3. Önnur mál.

Engin.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.40.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal

Leó Ingason
héraðsskjalavörður